

Fundargerð

384. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn 1. apríl 2020 í gegnum tölvupóstsamskipti vegna COVID – 19.

Tölvupóst samskipti áttu:

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Fundarritun annaðist:

Jóhanna Traustadóttir, ritari SLFÍ
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur skipulagður í tölvupósti
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjarasamningar
4. Júníblað félagsins
5. Önnur mál

Dagskrá

1. **Fundur skipulagður í tölvupósti.**
Sandra B. Franks (SBF), formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) sendi tölvupóst á framkvæmdastjórn og fór fram á að fundurinn 1. apríl yrði í tölvupóstsamskiptum vegna COVID-19 og að beiðni stjórnvalda að fólk sé sem minnst að hittast og var það samþykkt.
2. **Fundargerð síðasta fundar**
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. **Frestun funda framkvæmdastjórar**
SBF lagði til að fundir framkvæmdastjórnar verði með breyttu sniði þar til heimsfaraldri COVID-19 verði genginn yfir. Fundað verði í gegnum fjarfund eða með tölvupóstssamskiptum og málin afgreidd þannig. Allir samþykkir þessu.
4. **Frestun fundar félagsstjórnar.**
SBF lagði til að frestað yrði fyrirhuguðum fundi félagsstjórnar í maí n.k. vegna samkomubanns og COVID-19. Sendur yrði tölvupóstur þar sem félagsstjórnin yrði upplýst um frestunina og nýja dagsetningu á fundinum. Lagt var til að halda fundin miðvikudaginn 9. september 2020. Allir sammála.

5. **Frestun á Fulltrúþingi SLFÍ**

SBF lagði til að fresta Fulltrúþingi SLFÍ sem vera átti 12. maí vegna samkomubanns út af COVID-19. SBF lagði einnig til að gengið yrði frá öllum gögnum sem leggja þarf fram fyrir fulltrúþingið svo fljótt sem verða má þ.m.t. reikningar, ársskýrsla o.fl. Ákveðið var að senda tölvupóst á alla fulltrúa fulltrúþings um frestun þingsins og nýja dagsetningu. Lagt var til að halda Fulltrúþingið fimmtudaginn 10. september 2020. Allir samþykkir því.

6. **Kjaraviðræður SLFÍ**

SBF upplýsti að kjaraviðræður væru í gangi við Reykjavíkurborg og við SFV. Fundir fara í gegnum fjarfundabúnað. Viðræður við Reykjavíkurborg eru hjá ríkissáttasemjara og hafa viðsemjendur fundað án þess að ná viðunnandi niðurstöðu. Þá hefur verið fundað með samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Næsti fundur með SFV verður á morgun, 2. apríl, og fundað 8. apríl með samningarnefnd Reykjavíkur.

7. **Sjúkraliðar í bakvarðasveitinni**

Sjúkraliðar sem hafa skráð sig í bakvarðasveitina hafa verið kallaðir til starfa, nokkur umræða hefur verið á milli Landsambands lækna, FÍh og SLFÍ um réttindi og tryggingar þeirra sem gefa kost á sér í bakvarðasveitina. Þessir aðilar hafa í sameiningu reynt að tryggja réttindi þessa hóps ef upp koma veikindi. Áfram er unnið í málinu.

8. **Útgáfa Sjúkraliðans**

Fram kom hugmynd um að bjóða félagsmönnum að senda inn beiðni um að fá blaðið rafrænt í stað þess að fá það í hendur. Ef sú ákvörðun verður tekin þá mun júníblaðið verða sent rafrænt til þeirra félagsmanna sem óska þess. Orlofsblaðið verður undanskilið þessu ef tekin verður ákvörðun um þetta fyrirkomulag. Málið verður rætt frekar á ákvörðun tekin síðar.

Önnur mál